



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

27. febrúar 2024

Berist til formanns borgarráðs, Dags B. Eggertssonar

Erindi: Ósk um aukinn stuðning við RIFF og UngRIFF 2024

Ég rita þetta bréf f.h. Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF, sem nú hefur sitt 21. starfsár.

RIFF hefur á löngum ferli skapað sér sérstöðu meðal kvikmyndahátíða á alþjóðavettvangi og verið fastur liður í viðburðadagatali borgarinnar. RIFF hefur sömuleiðis þróast í takt við sambærilegar hátíðir í nágrannalöndunum og mikil nýsköpun á sér stað í útfærslu viðburða og uppsetningu ár hvert.

Nú er svo komið að hátíðin getur tæpast staðið undir sér. Styrkir frá opinberum aðilum hafa dregist saman með þeim afleiðingum að erfitt er að ná samfellu í starfið. Fólk er ráðið inn tímabundið og laun starfsfólks eru alls ekki samkeppnishæf. Því miður er ekki hægt að reka hátíðina með þessu sniði lengur. Styrkur frá Reykjavíkurborg sem í mörg ár var sá sami og frá ríki hefur dregist mest saman. Á síðasta starfsári var styrkurinn 7.500.000 kr. en var til samanburðar 12.000.000 kr. árið 2010, sem uppreikna mætti í 20.450.000 kr. miðað við verðlagsbreytingu.

RIFF er stór hátíð hér á landi en þó lítil í samanburði við þær hátíðir í nágrannalöndunum sem við berum okkar saman við. Til þess að hafa aðgang að styrkum á borð við Creative Europe-styrkinn, þarf umfang að vera ákveðið mikið, t.a.m. þarf að uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda mynda á dagskrá hátíðarinnar. Sambærilegar kröfur eru gerðar um lágmarks-umfang og stærð hátíðar í samvinnu við evrópskar samstarfshátíðir. Slíkt samstarf er ekki bundið við kvikmyndaiðnaðinn heldur er um að ræða mikilvæga og þverfaglega tengla inn í alþjóðlegt atvinnu- og listalíf.

Áherslur

Árið 2024 eru áherslurnar meðal annars **stórbætt aðgengi fyrir fatlaða** og jaðarsetta hópa og öflugt ungmennasamstarf í gegnum hina ört vaxandi ungmennahátíð UngRIFF þar sem samfélagsleg ábyrgð og íslensk tunga er í forgrunni.

Vægi myndmiðla í samtímameningu fer sívaxandi og sé sá þáttur vanræktur munu Íslendingar missa af lestinni og hætta á að menningarlegt rof verði milli kynslóða, rof sem tímafrekt er að lagfæra. Það þarf að mæta fólki á þeim miðlum sem það notar.

Þá eru einnig sjálfbærniáherslur í brennidepli, samstarf við aðrar hátíðir á alþjóðavettvangi, sér í lagi í tengslum við umhverfismál, barna- og unglíngakvikmyndalæsi og samstarf við háskólana.



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

Um UngRIFF

RIFF hefur frá upphafi rekið viðamikla barna- og unglingadagskrá með úrvali kvikmynda auk vinnustofa, sem leggja áherslu á kvikmyndalæsi og kvikmyndagerð. Undanfarin ár hefur RIFF staðið fyrir stuttmyndadagskrá fyrir alla aldurshópa í öllum leik- og grunnskólum borgarinnar þar sem kennurum hefur gefist einstakt tækifæri til að beita kvikmyndamiðlinum í kennslu eina önn á ári..

Það er ljóst að Íslendingar þurfa að bregðast við breyttum heimi og íslensk tunga þarf að vera í brennidepli á öllum þóstum sem koma að menningu og listsköpun fyrir ungmenni í landinu. Talsetningar á kvikmyndaefni fyrir börn eru til að mynda gríðarlega mikilvægur þáttur í því að hlúa að tungumálinu.

Til þess að koma barna- og ungmennastarfseminni undir einn hatt, auka gæði og efla skipulagningu og vægi barnaefnis á RIFF, var **undirhátíðin UngRIFF stofnuð**.

Upphaf UngRIFF

UngRIFF hátíðin var stofnuð árið 2023 og fór fram dagana 27. september til 8. október. UngRIFF var sett af forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni með sérvíðburði sem skipulagður var af Ungmennaráði, daginn fyrir setningu aðalhátíðar RIFF. Tvö þúsund börn mættu á opnun hátíðarinnar þar sem Örn Árnason leikari hlaut heiðursverðlaun UngRIFF fyrir ómetanlegt framlag til barnamenningar. Dagskrá UngRIFF 2023 tók til sýninga 12 kvikmyndir í fullri lengd ásamt 40 stuttmyndum. Á stofnunarárinu lagði UngRIFF einnig land undir fót og stóð fyrir sýningum á Patreksfirði, í Bíldudal og á Seyðisfirði.

Í viðhengi má lesa um útfærslu hátíðarinnar og helstu tölur frá 2023.

Gildi og markmið UngRIFF

UngRIFF styður með virkum hætti við nýsköpun í kvikmyndageiranum með örmyndakeppni, hugmyndasamkeppni og áframhaldandi starfi Stelpur filma! verkefnisins sem stofnað var 2015 að fyrirmynd tónlistarmiðaða Stelpur rokka! systurverkefnisins. Þá heldur RIFF áfram samstarfi við leik og grunnskólana varðandi kvikmyndasýningar í skólum.

UngRIFF miðar að virkri þátttöku ungs fólks, en ungmenni koma að þróun og útfærslu hátíðarinnar. Starfið fer í gegnum félagsmiðstöðvar, samhliða áhugasviðskönnun þar sem þátttakendur fá að starfa á því sviði kvikmyndagerðar sem vekur helst forvitni þeirra.

Á UngRIFF er lykilhugtakið *samframleiðsla og samsköpun* [e. co-creation]. Börn og unglingar skapa hátíðina og viðburðina sjálf og leitað er til starfsmanna félagsmiðstöðva og annars fagfólks sem vinnur með börnum, eftir hugmyndum og samvinnu.

UngRIFF er hluti af samnorrænu samstarfsneti fimm barnakvikmyndahátíða, NoJse-netinu, hvers markmið er að efla vægi, dreifingu og sýnileika á norrænu afþreyingarefni fyrir börn og



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

ungmenni. Líkt og haft er eftir Mariellu Harpelunde Jensen, frá dönsku Buster barnakvikmyndahátíðinni, sem er undirhátíð CPH:DOX, einnar stærstu heimildamyndarhátíðar Norður-Evrópu: „Það er mikilvægur hluti af okkar menningararfi að byggja á sameiginlegri norrænni kvikmyndahefð, en netinu er ætlað að leita nýrra leiða og hagkvæmra lausna fyrir nýsköpun í framleiðslu barna- og unglingaefnis.“

Samhliða þeirri vinnu hefur RIFF ráðið til starfa aðgengisfulltrúa og er markmiðið að RIFF og undirhátíðir RIFF 2024 verði búnar fullu aðgengi fyrir hreyfihamlaða kvikmyndaunnendur. Þegar hafa verkefni RIFF á borð við bílabíó mætt jaðarsettum hópum. RIFF horfir til framtíðar í þessum efnum, vinnur að langtímaáætlun og þarfagreiningu ólíkra hópa og á næstu árum er markmiðið að mæta enn fleiri kvikmyndaunnendum sem einhverra hluta vegna hafa ekki tök á hefðbundinni heimsókn í kvikmyndahús.

Árið 2023 fékkst styrkur fyrir UngRIFF frá List fyrir alla að upphæð 400.000 kr. Kvikmyndamiðstöð Íslands lagði til 2.000.000 kr. og 1.000.000 kr. komu frá Reykjavíkurborg. Kostnaður við rekstur hátíðarinnar er hins vegar langtum meiri og aðstandendur RIFF telja naðsynlegt að hafa einn starfsmann í vinnu árið um kring, þess að halda utan um þetta vandaða starf sem þjónustar mikilvægan hóp.

Kvikmyndaborgin Reykjavík

Bókmenntaborgin og Tónlistarborgin eru meðal verkefna sem flestir borgarbúar þekkja. Kvikmyndaborgin Reykjavík hefur ekki ennþá fest sig í sessi sem heildstætt verkefni. Við teljum að framlag RIFF í þessu samhengi sé ómetanlegt, enda búa aðstandendur hátíðarinnar yfir þekkingu og alþjóðlegu tengslaneti frumkvöðla og fagfólks í greininni, sem er einstakt að umfangi.

Meðal sóknarfæra sem nýta má betur í þessu samhengi eru:

- Landfræðileg staðsetning landsins gæfur tækifæri til alþjóðasamvinnu, þar sem brúað er bil milli evrópsks- og bandaríks kvikmyndaiðnaðar með öflugri frumkvöðlastarfsemi. RIFF hefur nú þegar hafist handa við verkefnið og slík starfsemi getur verið í náinni verið í samvinnu við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu.
- Menningarbundin ferðaþjónusta innan og utan borgarmarkanna. Sérýningar fyrir ferðamenn á tökustaði stórra kvikmyndaverkefna t.d. í Gufunesi, sérvíðburðir og skoðunarferðir. RIFF er í einstaklega góðri aðstöðu til að efla slíka þjónustu með virkjun á tengslaneti sem stofnast hefur til á tuttuguogveins árs starfsemi hátíðarinnar.
- Miðlæg upplýsingagátt fyrir kvikmyndatengdan ferðamannaíðnað og erlent fagfólk sem hefur áhuga á Kvikmyndaborginni, með vefsíðu og virkri upplýsingaveitu í samvinnu við Kvikmyndamiðstöð Íslands, háskólana, kvikmyndagerðarfólk og grasrót.



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

Áskoranir og fjárhagur

RIFF hefur að markmiði að vera meðal virtustu og þekktustu kvikmyndahátíða á Norðurlöndunum. Mikill árangur hefur unnist á löngum tíma og RIFF er eftirsóttur vettvangur fyrir kvikmyndagerðarmenn til að sýna sín verk. Fyrir RIFF starfar einn fremsti dagskrárstjóri heims Frederic Boyer.

Íslenskir og erlendir kvikmyndaunnendur kunna jafnframt vel að meta hátíðina, ekki síst ungt fólk. Sýndar eru nýjar kvikmyndir og áherslan er á unga kvikmyndagerðarmenn. Fjöldi fagfólks hefur frumsýnt verk sín á RIFF og hefur hátíðin verið vettvangur fjölda Evrópu- og Norðurlandafrumsýninga.

Þá hefur hátíðin margsinnis staðið fyrir viðburðum þar sem tekist er á um samfélagsleg málefni sem tengjast myndunum með einherjum hætti.

Eitt af markmiðunum með starfsemi RIFF er bæta og næra nærsamfélagið og nýta kvikmyndamiðilinn til að kynda undir mikilvægum samtölum, auka víðsýni og bræðralag. Þá kappkostar hátíðin auk þess að kynna Reykjavík sem kvikmyndaborg og Ísland sem kvikmyndaland.

Þrátt fyrir þann mikla árangur sem náðst hefur, hefur rekstarumhverfið orðið erfiðara, sér í lagi á síðustu árum. Styrkir frá opinberum aðilum hafa ýmist dregist saman eða lækkað og spila ýmsir þættir þar saman, samdráttur í fjárveitingum þvert á greinar og aukinn fjöldi samkeppnisaðila um styrki.

Á rekstrarárinu 2024 er ekki fyrirleggjandi 12.000.000 kr. Creative Europe Media styrkur frá Evrópusambandinu, sem undanfarin ár hefur verið ein af rekstrarforsendum RIFF. Sem sakir standa skortir um 22.000.000 kr. í fjármagnið til að RIFF standi á sama stað og á sama tíma árið 2023.

Kappsmál fyrir kvikmyndaiðnaðinn

Það má hafa mörg orð um mikilvægi þessarar stærstu og elstu alþjóðlegu kvikmyndahátíðar landsins. Það er ekki síst kappsmál fyrir iðnaðinn að í landinu sé rekin metnaðarfull kvikmyndahátíð sem sinnir kynningar- og fræðslustarfi, bæði inn á við og einnig utan landsteinanna. Kvikmyndahátíðir á borð við RIFF laða að fjárfesta og tengslanet, skapa tækifæri til samstarfs og samvinnuverkefna á alþjóðavettvangi.

Þegar ekki fæst samfella í reksturinn verða mannabreytingar tíðar og erfiðara reynist að byggja upp reynslu innan fyrirtækisins. Slíkir óvissuþættir lækka staðlað gæðamat þegar kemur að alþjóðasamstarfi og aðgangi að samstarfsverkefnum. Það er því óumdeilanlega forsenda áframhaldandi rekstrar að stöðugleiki verði nægilegur til að halda úti fleiri en einu stöðugildi árið um kring.



Alþjóðleg
kvikmyndahátíð
í Reykjavík

Hátíð eins og RIFF er ekki sett saman með nokkurra vikna fyrirvara, heldur er um að ræða þrotlausa vinnu fjölda fagmanna, sjálfboðaliða og starfsnema í marga mánuði. Slík vinna þarfnast skipulags og langtímahugsunar.

Erindi þessa bréfs er að óska eftir 10 milljóna króna fjárveitingu til að tryggja stöðugildi verkefnastjóra sem starfar árið um kring.

Ég vona að þetta erindi hljóti góðan hljómgrunn og saman getum við unnið að því að koma Kvikmyndaborginni Reykjavík á kortið.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. RIFF,

Hrönn Marinósdóttir, hátíðarstjórnandi

Hrönn Marinósdóttir

Fylgiskjöl:

[RIFF Skýrsla 2023](#)

[UngRIFF Skýrsla 2023](#)

Bæklingar frá síðustu hátíð:

[Bransadaga bæklingur.pdf](#)

[RIFF almennur bæklingur.pdf](#)

[UngRIFF bæklingur.pdf](#)